



## Fundargerð

**Svæðisráð austursvæðis - 115. fundur svæðisráðs austursvæðis haldinn á  
fjarfundi,  
miðvikudaginn 7. desember 2022, kl. 11:00.**

### Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlaþings,  
Urður Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps,  
Pétur Heimisson, aðalfulltrúi Múlaþings,  
Einar Kr Haraldsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,  
Þórhallur Þorsteinsson, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka,  
Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður á austursvæði,  
Ragna Fanney Jóhannsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á austursvæði,  
Ingibjörg Halldórsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs.

### 1. Endurskoðun gjaldskrár Vatnajökulsþjóðgarðs - 2022 - 2203022

Ingibjörg Halldórsdóttir kynnir vinnu við endurskoðun á gjaldskrá VJP.  
*Svæðisráð þakkar Ingibjörgu fyrir kynninguna.*

### 2. Fundaáætlun - 2023 - 2208072

Fyrir liggur samþykkt fundaáætlun frá stjórn.

### 3. Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Egilsstöðum - 2212004

Þórhallur Þorsteinsson, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, óskaði eftir að ræða hvort ekki sé tímabært að V.J.Þ. hefji undirbúning að byggja upplýsinga miðstöð (Egilsstaðastofu) um V.JP á Egilsstöðum.

*Svæðisráð bendir á að þjóðgarðurinn mætti vera sýnilegri á Austurlandi.  
Svæðisráð óskar eftir umfjöllun um mögulega uppbyggingu gestastofu á Egilsstöðum hjá sveitafélögunum Múlaþingi og Fljótsdalshreppi og hvernig sú gestastofa gæti stutt það starf og gestastofu sem fyrir er á austursvæði þjóðgarðsins.*

Einar Kr Haraldsson mætti á fundinn.

### 4. Vöktun - Veiðar á austursvæði - Framvinda 2022 - 2210012

Stefán yfirlandvörður fer yfir niðurstöður úr vöktunaráætlun.

*Svæðisráð þakkar fyrir kynningu á niðurstöðum úr vöktunaráætlun sem var gerð í kjölfar breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun varðandi veiðar á austursvæði.  
Niðurstöður vöktunar sýna umtalsverðan skaða á landi og gróðri vegna utanvegaaksturs.*

*Svæðisráðið leggur áherslu á að vöktunaráætlun verði framhaldið og útvíkkuð yfir lengra tímabil vegna umferðar smala, gæsa- og rjúpnaveiðifólks. Svæðisráð leggur einnig til að niðurstöður vöktunar verði kynntar hagsmunaaðilum og einnig almenningi t.d. í frétt á heimasíðu og samfélagsmiðlum þjóðgarðsins.*

**Fundargerð ritaði:** Ragna Fanney Jóhannsdóttir, aðstoðar þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 13:15.